

Aðalfundur 2026

Aðalfundur Samtaka orkusveitarfélaga verður haldinn á skrifstofu Sambands íslenskra sveitarfélaga, Borgartúni 30, föstudaginn 21. ágúst nk. kl.13:00.

Í framhaldi af honum efna samtökin til Orkufundar sem áformað er að hefjist klukkan 14:30. Boðið verður upp á léttar veitingar að loknum Orkufundi.

Dagskrá:

1. inntöku nýrra aðildarsveitarfélaga
2. skýrslu stjórnar,
3. ársreikninga samtakanna,
4. fjárhagsáætlun samtakanna
5. ákvörðun um árgjald og þóknun stjórnar,
6. breytingar á samþykktum,
7. kosningu formanns stjórnar, aðra stjórnarmenn og varastjórn til tveggja ára,
8. kosningu tveggja skoðunarmanna
9. kosning kjörnefndar (þrír aðalmenn og þrír varamenn)
10. mál sem stjórn samtakanna, einstakir fulltrúar eða sveitarstjórnir óska að tekin verði fyrir.

Dagskráin er kynnt með fyrirvara um breytingar.

Meðfylgjandi er eftirfarandi skjöl:

- Drög að skýrslu stjórnar
- Ársreikningar samtakanna fyrir 2024 og 2025
- Tillaga að fjárhagsáætlun ásamt greinargerð
- Bréf kjörnefndar þar sem óskað er eftir framboðum í stjórn
- Tillaga að ályktun aðalfundar

Vakin er athygli á því að einn fulltrúi þarf í það minnsta að mæta frá hverju aðildarsveitarfélagi. Einnig eru aðildarsveitarfélög vinsamlegast beðin um að skrá alla fulltrúa ef fleiri en einn mæta fyrir hönd viðkomandi sveitarfélags. Merkja þarf við hver fer með atkvæðisrétt. Skráning fer fram hér á vefsíðu samtakanna, www.orkusveitafelog.is.

Kjörnefnd óskar eftir framboðum til formanns stjórnar og til stjórnar- og varastjórnar samtakanna sbr. meðfylgjandi erindi frá kjörnefnd. Framboð skulu berast eigi síðar en 13. ágúst nk. á netfangið bryndis@samband.is

Í framboði þarf að koma fram nafn, sveitarfélag, starf eða hlutverk innan sveitarfélags og hvort framboðið er til formanns, aðalstjórnar og/eða varastjórnar.

Virðingarfyllst,

Stjórn Samtaka orkusveitarfélaga